



Alþýðusamband Íslands

Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 7.11.2019
Tilvísun: 201910-0037

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (fjárhæð bóta), 135. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (fjárhæð bóta), 135. mál.

Alþýðusambandið tekur undir markmið frumvarpsins og telur rétt að bætur almannatrygginga fylgi launaþróun svo tryggt sé að kjör elli- og örorkulífeyrisþega dragist ekki aftur úr öðrum hópum.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz
hagfræðingur ASÍ



Landssamtökin

Proskahjálpar

Mannréttindi fyrir alla!

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um almannatryggingar (fjárhæð bóta), 135 mál.

Landssamtökin Proskahjálpar taka undir að hér eru mjög mikilvægt mál að ræða.

Samtökin taka einnig undir ábendingu umboðsmanns Alþingis sem birtist á heimasíðu umboðsmanns 1. október sl. varðandi mikilvægi þess að ákvæði í lögum um almannatryggingar, er varðar viðmið um launabróun, verði skýrt. Samtökin leggja áherslu á að það verði gert þannig að það tryggi bótaþegum örugglega þann rétt sem ætla verður að markmið þess sé.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssamtakanna Proskahjálpar,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri.

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 11.11 .2019


Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um frumvarp um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 (fjárhæð bóta). Þingskjal 135 – 135. mál.

ÖBÍ hefur í áraraðir bent á ólöglega framkvæmd Alþingis á ákvæði 69. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 Tilgangur ákvæðisins var að tryggja að lífeyrisþegar dragist ekki aftur úr í kjörum og að þeir njóti almennra efnahagslegra framfara og líf skjara til jafns við aðra.

Fjármálaráðuneytið og Alþingi hafa farið frjálstlega með umrætt ákvæði, með því að skýra ákvæðið á þengsta möguleika hátt í hvert sinn. Hugtakið launapróun hefur t.d. ekki verið talið hið sama og launavísitala, sem er eini löglegi mælikvarðinn á launapróun. Samkvæmt efnislýsingu Hagstofu Íslands á launavísitölu segir vísitalan til um þróun launa á íslenskum vinnumarkaði og byggir á launahugtakinu regluleg laun. Launavísitalan byggir á lögum um launavísitölu nr. 89/1989 en skv. 2. gr. laganna skal vísitalan sýna svo sem unnt er breytingar heildarlauna allra launþega fyrir fastan vinnutíma. Á heimasíðu Hagstofu Íslands segir jafnframt um launavísitölu: „Mánaðarleg launavísitala mælir mánaðarlegar breytingar á reglulegum launum á íslenskum vinnumarkaði og sýnir almenna launapróun.“

Einnig má benda á að fjármálaráðuneytið hefur áður haldið því fram að skilgreining ráðuneytisins á hugtakinu launaskrið sé „í samræmi við skilgreiningu Hagstofunnar um launaskrið“ en þess má geta að Hagstofan hefur sent tölvubréf til Öryrkjabandalags Íslands þar sem fram kemur að stofnunin hafi ekki lagt mat á svokallað launaskrið utan kjarasamninga. Í svari þeirra segir ennfremur orðrétt „engin ein skilgreining er til um launaskrið“ (fylgiskjal 1).

Mynd 1.



ÖBÍ felst á það að ákvæðið sé skýrt með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu sem hér er til umsagnar og styður frumvarpið. Tilgangur frumvarpsins er að skýra ákvæðið svo ekki sé hægt að beita þeim leiðum sem Alþingi hefur farið síðustu ár. Þær ákvarðanir hafa falið í sér vilja Alþingis til þess að halda fólki í fátækt, sbr. mynd 1.

Tilgangur ákvæðis um hækkun lífeyris almannatrygginga ætti að vera að framfylgja skyldum aðildarríkja til að tryggja fötluðu fólki stöðugt batnandi lífsskilyrði, sbr. 1. mgr. 28. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF).

„Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks og fjölskyldna þess til viðunandi lífskjara því til handa m.a. viðunandi fæðis og klæða og fullnægjandi húsnæðis, og til sífellt batnandi lífsskilyrða og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika án mismununar vegna fötlunar.“

Að því sögðu er rétt að benda á mikilvægi þess að ákvæðið í frumvarpinu setji ekki þak á hækkun lífeyris almannatrygginga, ef vilji löggjafans er að hækka lífeyrinn umfram launa- og neysluverðsvísitölu til dæmis til að leiðrétta kjaragliðnun síðustu áratuga.

Í núverandi fyrirkomulagi er launaþróun og vísitala neysluverð í frumvarpi til fjárlaga áætlun fyrir komandi fjárlagaár. Frá því núverandi ákvæði 69.gr. laga um almannatryggingar var innleitt hefur launa- og/eða verðlagsvísitala yfirleitt hækkað meira en spár í fjárlögum gerðu ráð fyrir. Lífeyrisþegar hafa þó aldrei fengið leiðréttingu vegna þessa.

Ekkert um okkur án okkar.

Virðingarfyllst,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir,
formaður ÖBÍ.

Fylgislíjal 1.

Sigríður Hanna Ingólfssdóttir

From: Margret.Indridadottir@hagstofa.is
Sent: 08 November 2018 18:38
To: Sigríður Hanna Ingólfssdóttir
Cc: Kolbeinn.Stefansson@hagstofa.is
Subject: RE: Skilgreining á launaskriði?

Sæl Sigríður

Nei því miður þá hefur Hagstofan ekki lagt mat á svokallað launaskrið umfram kjarasamninga.

Þá má nefna að engin ein skilgreining er til um launaskrið og skilningur oft ólíkur milli aðila. Samkvæmt íslensku alfræðiorðabókinni er launaskrið „hækkun launa umfram ákvæði kjarasamninga, af völdum yfirborgana“. Það er hins vegar auðveldara að segja en í að komast að reikna slíkt launaskrið þar sem það getur verið flókið að leggja mat á kjarasamninga. Einkum þegar horft er til síðustu ára þar sem samið hefur verið oft um krónutöluhækkanir, launapróunartryggingu og alls konar tilfærslur á milli launaflokka sem veldur því að erfitt er að meta hlutfallshækkanir fyrir stóran hóp launamanna.

Aðilar vinnumarkaðarsins reyndu að meta launahækkanir umfram kjarasamninga og birtu niðurstöður í skýrslu heildarsamtaka aðila vinnumarkaðarsins frá júlí 2016, en nýjasta tímabilið í skýrslunni er árið 2015. Í skýrslunni er fjallað flækjubætti við slíkt mat og þrátt fyrir að einfaldri aðferðafræði beitt í skýrslunni við mat á kjarasamningum, þ.e.a.s. að nota almennar lágmarks launahækkanir í prósentum samkvæmt kjarasamningum, var ekki hægt að gera mat á kjarasamningum fyrir alla hópa. Sjá nánar http://rikissattasemjari.is/wp-content/uploads/2017/02/kjolfar_15072016.pdf.

kveðja,

Margrét Kristín Indriðadóttir
Deildarstjóri | Head of unit
Laun, tekjur og menntun | Wages, income and education

HAGSTOFA ÍSLANDS | STATISTICS ICELAND
Borgartún 21a - 105 Reykjavík
Beinn sími | Tel: +354 528 1251
Bréfasími | Fax: +354 528 1199

www.hagstofa.is | www.statice.is

Fyrirvari | Disclaimer: <http://hagstofa.is/um-hagstofuna/fyrirvari/>

From: Kolbeinn Hólmar Stefánsson
Sent: 8. nóvember 2018 15:39
To: 'Sigríður Hanna Ingólfssdóttir'
Cc: Margrét Kristín Indriðadóttir
Subject: RE: Skilgreining á launaskriði?

Sæl.

Ég framsendi þig á Margréti Kristínu Indriðadóttur, deildarstjóra yfir launarannsókninni. Hún veit þetta betur en ég.

Bk,
Kolbeinn

Kolbeinn Hólmar Stefánsson
Stjórnsýsla og samstarf | Administration & cooperation